

AUGLÝSING

um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 426 000 000 kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfaranda og 88 000 000 kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 17 000 000 kr.

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl., nr. 91 26. febrúar 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. mars 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um umferð í Garðabæ og Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í c-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaganna nr. 50/1987 og að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórna hafa eftirfarandi reglur verið ákveðnar um umferð í Garðabæ og Mosfellsbæ:

1. Akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla er bannaður allan sólarhringinn á Hafnarfjarðarvegi norðan Vífilsstaðavegar.
2. Akstur og dráttur vinnuvéla er bannaður á virkum dögum frá kl. 7.30–9.00 og kl. 16.30–18.00 á:
 - a) Reykjanesbraut.
 - b) Hafnarfjarðarvegi sunnan Lyngáss.
 - c) Álftanesvegi austan heimreiðar að Bessastöðum.
 - d) Vesturlandsvegi frá Skarhólabraut að bæjarmörkum Mosfellsbæjar.

Vinnuvélar og dráttarvélar sem notaðar eru við framkvæmdir, viðhald eða snjóruðning á viðkomandi vegum þurfa ekki að sæta ofangreindum takmörkunum.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. maí 1992.

*Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, Garðabæ og á Seltjarnarnesi,
sýslumaðurinn í Kjósarsýslu, 3. mars 1992.*

Már Pétursson.